

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 10. janúar 2022 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2022

Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024 er netið megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2022 og verður það því höfuðatriði ályktunar ársins. Stefnt er að því að leggja fram drög að ályktun fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður 7. febrúar.

2. Málþing ársins 2022

Gert er ráð fyrir tveimur málþingum á árinu. Annars vegar er um að ræða hefðbundið málræktarþing sem haldið verður í september og hins vegar er gert ráð fyrir málþingi í maímánuði um kynhlutlaust mál. Seinna málþingið er samstarfsverkefni Íslenskrar málnefndar og áhugahóps um kynhlutlaust mál.

3. Fundur fullskipaðrar málnefndar í febrúar

Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn 17. febrúar. Stefnt er að staðfundi en ef það gengur ekki vegna sóttvarnatakmarkana verður í staðinn haldinn fjarfundur. Fundurinn mun fjalla um stöðu tungunnar á netinu sem verður efni málræktarþingsins í september. Á fundinum verður einnig kosinn þriðji varamaður í stjórn málnefndarinnar.

4. Erindi Kjartan Ragnars um vörumerkjaskráningar

Þessum lið var frestað til næsta staðfundar.

5. Önnur mál

a. Kynning Íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 7/2021. Sú hugmynd hefur komið fram hjá ráðuneytinu að [Íslensk málstefna 2021–2030](#), sem afgreidd var af hálfu stjórnar 6. september 2021, verði lögð fram sem tillaga til þingsályktunar á næsta haustþingi. Málstefnan verður því ekki kynnt fyrr en að lokinni þinglegri meðferð.

b. Fulltrúar í Íslenskri málnefnd

Sjá fg. stj. ÍM 9/2021. Helga Sigrún Harðardóttir hefur verið tilnefnd varafulltrúi fyrir Staðlaráð og Sveinn Yngvi Egilsson hefur verið tilnefndur varafulltrúi Samstarfsnefndar háskólastigsins. Enn er eftir að tilnefna fulltrúa Upplýsingar.

c. Skipun fulltrúa Íslenskrar málnefndar í mannanafnanefnd

Finnur Ingimundarson og Tinna Frímann Jökulsdóttir hafa verið tilnefndir fulltrúar Íslenskrar málnefndar í mannanafnanefnd.

d. Málstefna Hafnarfjarðarkaupstaðar

Erindi barst frá bæjarráði Hafnarfjarðar þar sem leitað til Íslenskrar málnefndar um samráð við gerð málstefnu fyrir sveitarfélagið.

e. Jef Breakmans og háfrónska

Belginn Jef Breakmans hefur sent tölvuskeyti til Íslenskrar málnefndar með ýmsum nýyrðum á svokallaðri háfrónsku sem hann telur að geti komið í stað tökuorða í íslensku máli.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:50.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.